



Alþingi
Erindi nr. P 141/1025
komudagur 12.12.2012

Alþingi
Erindi nr. P 141/837
komudagur 12.12.2012

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. desember 2012

Efni: Umsögn Landspítala um frumvarp til laga um breytingar á lögum um opinber innkaup nr. 84/2007, 288 mál.

Landspítali vísar til erindis efnahags- og viðskiptanefndar dags. 20. nóvember 2012 þar sem óskað er umsagnar Landspítala um frumvarp til breytingar á lögum um opinber innkaup nr. 84/2007. Landspítali telur frumvarpið vandað og vel unnið en hefur þó, nokkrar athugasemdir sem myndu gera gott frumvarp enn betra.

1. gr.

Landspítali telur að hækka þurfi viðmiðunarfjárhæð er varða innkaup á vörum umtalsvert. Eðlilegt er að viðmiðunarfjárhæð fyrir vöru- og þjónustukaup sé sú sama og gildir innan EES, sem er kr. 21.540.485. Bent er á að við setningu laganna í apríl 2007 var viðmiðunarfjárhæðin 5 milljónir kr og ætti samkvæmt gengisþróun einni saman að vera 9,15 milljónir í dag.

Eitt af helstu markmiðum laga um opinber innkaup er að stuðla að hagkvæmni. Því markmiði er ekki náð þegar um er að ræða innkaup á vörum. Útboð eru dýr í framkvæmd og áætla Landspítali að heildar kostnaður¹ við einföld útboð á vörum séu að meðaltali um 2,2-2,4 milljónir, þ.e. ef ekki er kært. Af þessum mikla kostnaði má sjá að markmið laga um opinber innkaup næst ekki ef viðmiðunarfjárhæð er einungis 6,8 milljónir og þar af leiðandi eðlilegra að beita öðrum ódýrari úrræðum þar sem verklag væri í samræmi við 22. gr. laga um opinber innkaup.

Af framansögðu leiðir að brýn þörf er á að hækka viðmiðunarmörk vörukaupa ef tryggja á hagkvæmni í rekstri ríkistofnana.

10. gr.

Landspítali vill benda á að nauðsynlegt er að styrkja kærunefnd útboðsmála samfara þessari breytingu, þar sem hún mun auka enn frekar á það mikla álag sem á nefndinni hvílir.

Annad

Að lokum telur Landspítali að nauðsynlegt sé fyrir heilbrigðisstofnanir á Íslandi að tekin verða upp undanþágu ákvæði sem heimila innkaup án tafar við vissar aðstæður. Þessi undanþága gæti byggt á 6. gr. aðfaraorða tilskipunar nr. 2004/18/EB frá 31. mars 2004 en þar segir að ekkert í tilskipuninni megi koma í veg fyrir að gerðar verði ráðstafanir eða framfylgt ráðstöfunum sem eru nauðsynlegar til að vernda líf og heilsu manna. Undanþáguákvæðið gæti t.d. gert þá kröfu að samþykki Landlæknis

¹ Allur kostnaður spítalans við útboðsferli, þ.m.t. laun og launatengd gjöld við mat, prófanir og úrvinnslu tilboða á vöru.



og/eða Lyfjastofnunar yrði að liggja fyrir til að varna óhóflegri beitingu þess. Landspítali telur mjög brýnt að sett verði undanþáguákvæði í lög sem gerir heilbrigðisstofnunum, sem margar hverjar búa við tækjabúnað sem kominn er að þrotum, kleift að kaupa vöru án tafar í neyðartilvikum. Landspítali gerir sér grein fyrir því að hér yrði um undantekningartilvik að ræða sem yrði að túlka mjög þröngt. Landspítali er reiðubúinn að funda um efnið telji efnahags- og viðskiptanefnd þess þörf.

Virðingarfyllt,
Björn Zoëga, forstjóri